

Fundargerð hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis

62. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn á Icelandair hótél 11. Júní 2017 kl. 17.

Mættir: Anna Krístrún Sigurpálsdóttir og Margrét Mazmanian Róbertsdóttir.

Margrét M. Róbertsdóttir og Anna K. Sigurpálsdóttir rituðu fundargerð.

1. Ráðstöfun framkvæmdarfjárs hverfisnefndar 2017.

Nefndin hefur verið að skoða verð á leik- og æfingatækjum.

Eftir þá skoðun var ákveðið að horfa frekar til þess að kaupa stærra leiktæki sem nýtist sem flestum aldurshópum á svæðinu við jólasveinabrekku fremur en að skoða tæki á 3 svæði líkt og verið að var að skoða á síðasta fundi. Ástæða þess er verðlag. Fengin verða tilboð í tæki og uppsetningu. Ef afgangur verður, verður skoðað að kaupa tæki á önnur svæði.

2. Fyrirspurn frá Hólmfríði B. Pétursdóttir Formanni unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar Þórs og íbúa í Furulundi.

Sæl

Einhvern tíman sá ég á FB síðunni að nefndin átti um 2 milljónir til ráðstöfunar. Er búið að ráðstafa öllu?

Ég er í stjórn unglíngaráðs í könnuninni og við vorum að þrýsta á bæinn að fara í gerð úti-körfuboltavalla. Ég veit að Lundarskóli er einnig búinn að senda erindi sem og nemendaráð.

Ef ekki er búið að ráðstafa þessum pening þá myndi ég mæla með að þið mynduð líka senda erindi til bæjarins og jafnvel heita hluts peninganna í völl við Lundarskóla. Þeimur meiri þrýstingur þeimur meiri líkur að það verði drifið í þessu.

Þessi vellir nýtast líka fyrir annað en körfubolta og nýtast skólanum líka

Kveðja Fríða

Nefndin hefur þegar keypt búnað fyrir körfuboltavöll sem legið hefur í geymslu hjá Akureyrarbæ í einhver ár (fyrir tíð núverandi nefndarmanna). Beðið er eftir að bærinn gangi frá sínum hluta þ.e. að gera völl. Hverfisnefndin mun hafa samband við þann aðila sem sér um að ganga frá málinu. Hverfisnefndin hefur því lokið fjárhagslegri

aðkomu sinni að uppbyggingu vallarins en heldur áfram að þrýsta á bæinn að ganga í að klára sinn hluta.

3. Fótboldamörk við Hestklöpp

Nefndin fékk þau svör frá bænum að til séu mörk sem hverfið getur fengið til afnota án endurgjalds.

4. Fyrirspurn frá Áskeli Þór Gíslasyni

Daginn

Á dögunum var óskað eftir tillögu um útteilingu á 2 mkr sem hverfisnefnd Lunda og Gerðahverfis hefur til umráða árið 2017.

Ég kom með tvær tillögur og var önnu þeirra eftirfarandi: Endurbætur á fótboldavelli við Stóragerði! og var hún afgreidd svona "Varðandi fótboldavöllinn við Stóragerði verður ekki betur séð í drögum um nýtt Aðalskipulag Akureyrar að sá völlum komi til með að víkja svo sennilegt er að ekki verði ráðist í ákvarðanir um endurbætur fyrr en búíð er að samþykkja Aðalskipulagið og framtíð vallarins verður ljósari"

Ég er búinn að kynna mér drögin og finn ekkert sem bendir til þess að völlum skuli víkja. Því spyr ég ykkur ágætu nefndarmenn eftirfarandi spurninga:

1) Hvar er þetta að finna?

2) Ef þetta er ekki að finna drögum og tillagan þá afgreidd út frá röngum upplýsingum, verður þá boðað til fundar þar sem greidd verða atkvæði að nýju um hvernig útteila skal þessum 2 mkr?

Með fyrirfram þökk.

--

Áskell Þór Gíslason

Kvistagerði 4

600 Akureyri

Sími 354-8406011

Burtséð frá hvort nefndin er að túlka rétt eður ei er það afstaða nefndarinnar að bærinn sjái um að viðhalda þeim mannvirkjum og völlum sem tilheyra bæjarfélaginu en lítur svo á að það framkvæmdafé sem henni er úthlutað fari til nýframkvæmda og uppbyggingar í hverfinu.

Ákveðið var á 61. fundi að ráðstafa fénu í leik/æfingatæki. Því verður ekki breytt.

Fundi slitið kl.18:00